

Skýrsla

forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.

Inngangur.

Forsætisráðherra leggur nú skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga fyrir Alþingi í fjórða sinn. Gerð er grein fyrir meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál árið 2018. Þá er fjallað stuttlega um frumvarp forsætisráðherra til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012 (780. mál á yfirstandandi þingi). Loks eru teknir til umfjöllunar valdir úrskurðir úrskurðarnefndarinnar vegna kærumála frá fjölmiðlum sem kveðnir voru upp á árinu 2018.

Meðferð kærumála hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Innkomin erindi.

Árið 2018 voru stofnuð 165 mál í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þar af voru 146 mál í tilefni af kæru til nefndarinnar en önnur til að bregðast við fyrirspurnum eða af öðrum ástæðum. Kærumálum fjölgaði verulega á milli ára, eða úr 72 kærum árið 2017. Mál skiptust á milli mánaða á árinu eins og hér greinir:

Tafla 1: Mál stofnuð í málaskrá úrskurðarnefndar um upplýsingamál árið 2018.

2018	
Mánuður	Mál
Janúar	8
Febrúar	17
Mars	14
Apríl	14
Maí	22
Júní	13
Júlí	11
Ágúst	11
September	16
Október	11
Nóvember	19
Desember	9
Samtals:	165

Mál voru flokkuð frekar eftir tegundum þeirra og aðilum sem telja má málshefjendur þegar um er að ræða kærumál:

Tafla 2: Tegundir mála árið 2018.

2018	
Tegund	Mál
Kæra	146
Enduruppt.	1
Fr. réttaráhr.	0
Annað	18
Samtals:	165

Tafla 3: Málshefjendur kærumála árið 2018.

Málshefjendur	
Aðili	Mál
Einstaklingur	93
Fyrirtæki	22
Samtök	11
Fjölmiðill	20
Samtals:	146

Sem fyrr stafar langstærstur hluti kærumála frá einstaklingum en greina má litla fjölgun í kærumálum frá starfsmönnum fjölmiðla. Búast má við því að fjölmiðlar nýti sér kærheimild til úrskurðarnefndarinnar í auknum mæli eftir því sem málsmeðferðartími hennar styttest, svo sem raunin hefur orðið á undanförunum árum.

Tafla 4: Lyktir kærumála árið 2018.

Lyktir kærumála	
Úrslit	Mál
Úrskurður	48
Niðurfelling	64
Framsant	0
Ólokið	34
Samtals:	146

Eins og sést á myndinni er 34 kærumálum frá árinu 2018 ólokið við samantekt skýrslu þessarar. Alls lauk 48 kærumálum með úrskurði nefndarinnar og 64 með því að þau voru felld niður, eftir atvikum í kjölfar þess að kærandi fékk aðgang að umbeðnum gögnum eða töfum á meðferð beiðni kæranda lauk með afgreiðslu hennar.

Tölfræði úrskurða.

Á árinu 2018 kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp 57 úrskurði á 9 fundum. Málsmeðferðartími nefndarinnar var svipaður og árið á undan, eða 212 dagar frá kæru til úrskurðar (2017: 210 dagar, 2016: 391 dagur, 2015: 296 dagar). Líkt og fyrri ár var málsmeðferðartími mun skemmri í málum sem lauk með öðrum hætti en úrskurði. Í 21 úrskurði af þeim 57 sem upp voru kveðnir úrskurðaði nefndin að veita skyldi aðgang, í heild

eða að hluta, að gögnum sem kæranda hafði áður verið synjað um aðgang að. Hér á eftir er yfirlit um úrskurði sem nefndin kvað upp á árinu.

Tafla 5: Úrskurðir sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál kvað upp árið 2018.

Úrskurður	Dags. kæru	Síðustu gögn	Dags. úrsk.	Dagar frá kæru	Dagar frá síðasta gagni	Niðurstaða
715	4. júlí 2016	31. ágúst 2017	3. janúar 2018	548	125	Synjun staðfest
716	12. janúar 2017	1. mars 2017	3. janúar 2018	356	308	Aðgangur að hluta
717	8. júlí 2017	4. ágúst 2017	3. janúar 2018	179	152	Aðgangur
718	5. október 2017	11. október 2017	3. janúar 2018	90	84	Frávisun
719	5. október 2017	7. nóvember 2017	3. janúar 2018	90	57	Aðgangur
720	2. nóvember 2017	2. nóvember 2017	3. janúar 2018	62	62	Frávisun
721	20. febrúar 2017	20. mars 2017	9. febrúar 2018	354	326	Heimvísun
722	18. maí 2017	22. apríl 2017	9. febrúar 2018	267	293	Synjun staðfest, heimvísun
723	22. maí 2017	27. júní 2017	9. febrúar 2018	263	227	Frávisun
724	27. júní 2017	14. september 2017	9. febrúar 2018	227	148	Heimvísun
725	22. nóvember 2017	22. nóvember 2017	9. febrúar 2018	79	79	Endurupptöku hafnað
726	2. janúar 2018	2. janúar 2018	9. febrúar 2018	38	38	Frávisun
727	3. janúar 2017	6. mars 2017	15. mars 2018	436	374	Aðgangur
728	9. maí 2017	27. júní 2017	15. mars 2018	310	261	Aðgangur
729	29. júní 2017	12. september 2017	15. mars 2018	259	184	Aðgangur
730	9. nóvember 2017	18. desember 2017	15. mars 2018	126	87	Aðgangur
731	27. nóvember 2017	12. janúar 2018	15. mars 2018	108	62	Aðgangur
732	31. maí 2017	19. júní 2017	6. apríl 2018	310	291	Synjun staðfest
733	10. ágúst 2017	20. september 2017	6. apríl 2018	239	198	Synjun staðfest
734	15. ágúst 2017	4. september 2017	6. apríl 2018	234	214	Synjun staðfest
735	22. september 2017	22. október 2017	6. apríl 2018	196	166	Heimvísun
736	25. september 2017	6. mars 2018	6. apríl 2018	193	31	Aðgangur að hluta
737	1. nóvember 2017	18. desember 2017	6. apríl 2018	156	109	Synjun staðfest
738	19. júlí 2017	28. febrúar 2018	6. júní 2018	322	98	Heimvísun
739	27. september 2017	7. nóvember 2017	6. júní 2018	252	211	Frávisun
740	10. apríl 2018	10. apríl 2018	6. júní 2018	57	57	Endurupptöku hafnað
741	9. mars 2018	17. maí 2018	6. júní 2018	89	20	Frávisun
742	21. desember 2017	15. janúar 2018	6. júní 2018	167	142	Aðgangur
743	11. nóvember 2016	27. mars 2018	27. júní 2018	593	92	Frávisun
744	12. júní 2017	8. júní 2018	27. júní 2018	380	19	Aðgangur að hluta
745	26. september 2017	23. október 2017	27. júní 2018	274	247	Synjun staðfest, heimvísun
746	15. mars 2018	13. júní 2018	27. júní 2018	104	14	Heimvísun
747	24. ágúst 2017	23. september 2017	31. júlí 2018	341	311	Aðgangur, heimvísun
748	1. nóvember 2017	10. desember 2017	31. júlí 2018	272	233	Frávisun
749	30. nóvember 2017	15. janúar 2018	31. júlí 2018	243	197	Synjun staðfest
750	8. desember 2017	19. janúar 2018	31. júlí 2018	235	193	Heimvísun
751	10. janúar 2018	28. febrúar 2018	31. júlí 2018	202	153	Aðgangur að hluta
752	25. janúar 2018	12. mars 2018	31. júlí 2018	187	141	Frávisun
753	8. febrúar 2018	24. apríl 2018	31. júlí 2018	173	98	Heimvísun
754	23. febrúar 2018	6. apríl 2018	31. júlí 2018	158	116	Synjun staðfest
755	6. mars 2018	9. apríl 2018	31. júlí 2018	147	113	Synjun staðfest
756	11. mars 2018	7. maí 2018	31. júlí 2018	142	85	Heimvísun
757	26. mars 2018	4. maí 2018	28. september 2018	186	147	Aðgangur
758	27. mars 2018	7. maí 2018	28. september 2018	185	144	Aðgangur að hluta
759	10. apríl 2018	27. september 2018	28. september 2018	171	1	Aðgangur að hluta
760	17. maí 2018	14. júní 2018	28. september 2018	134	106	Aðgangur að hluta
761	7. júní 2018	14. ágúst 2018	28. september 2018	113	45	Frávisun
762	19. febrúar 2018	22. mars 2018	28. september 2018	221	190	Aðgangur
763	22. ágúst 2018	22. ágúst 2018	28. september 2018	37	37	Frávisun
764	27. febrúar 2018	20. mars 2018	7. desember 2018	283	262	Synjun staðfest
765	6. apríl 2018	7. nóvember 2018	7. desember 2018	245	30	Aðgangur að hluta
766	2. mars 2018	11. maí 2018	7. desember 2018	280	210	Synjun staðfest
767	5. júní 2018	19. júlí 2018	7. desember 2018	185	141	Aðgangur
768	4. júní 2018	19. júlí 2018	7. desember 2018	186	141	Frávisun
769	12. júní 2018	19. júlí 2018	7. desember 2018	178	141	Synjun staðfest
770	5. júlí 2018	31. ágúst 2018	7. desember 2018	155	98	Aðgangur
771	29. september 2018	16. október 2018	7. desember 2018	69	52	Frávisun
Meðaltal:				212	137	

Frumvarp forsætisráðherra til laga um breytingu á upplýsingalögum.

Í mars 2018 var skipuð nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis sem var meðal annars falið að fara yfir gildandi upplýsingalög í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi og framkvæmdar laganna og meta hvort þörf væri á lagabreytingum. Í frumvarpi til laga um breytingu á upplýsingalögum nr. 140/2012 sem lagt var fram á Alþingi þann 30. mars sl., eru lagðar til breytingar sem koma úr ýmsum áttum en þykja til þess fallnar að styrkja og skýra afmörkun upplýsingaréttar almennings.¹

Helsta breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er að gildissvið upplýsingalaga verði víkkað út þannig að það afmarkist ekki lengur við handhafa framkvæmdarvalds. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins verður handhöfum löggjafar- og dómsvalds að meginstefnu skylt að fylgja sömu reglum við ákvarðanir um rétt almennings til aðgangs að gögnum um þá þætti starfseminnar sem eiga mest skylt við stjórnsýslu. Markmiðið er að almenningur geti byggt rétt til aðgangs að upplýsingum um stjórnsýslu allra þriggja greina ríkisvaldsins á skýrum og fyrirsjáanlegum lagaákvæðum.

Hvað löggjafarvaldið snertir skal gildissviðið afmarkað við Alþingi sjálft. Hins vegar er lagt til að réttur almennings til upplýsinga í vörslum stofnana Alþingis, umboðsmanns og Ríkisendurskoðunar ráðist áfram af ákvæðum sérлага um þær. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun og annast sameiginlega stjórnsýslu allra dómstóla á Íslandi. Verði frumvarpið að lögum munu upplýsingalög gilda um starfsemi hennar og dómstólana sjálfa, en upplýsingaréttur almennings mun þó ekki ná til gagna í einstökum dómsmálum. Taka ber fram að vegna sjónarmiða um þrígreiðingu ríkisvalds verða ákvarðanir handhafa löggjafar- og dómsvalds um aðgang að upplýsingum ekki kæránlegar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem starfar á vegum framkvæmdarvalds.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu lúta m.a. að frumkvæðisbirtingu upplýsinga úr málaskrá ráðuneyta, sbr. 9. gr. frumvarpsins, og að sérstakur ráðgjafi um upplýsingarétt starfi fyrir hönd stjórnvalda, sbr. 10. gr. frumvarpsins, sem stjórnvöld geti leitað til í trúnaði þegar þau eru í vafa um það hvort veita beri aðgang að gögnum.

Með frumvarpinu er gerð tilraun til að herða á málsmeðferðartíma beiðna um aðgang að upplýsingum. Óréttlætanagerleg tölur á meðferð beiðna jafngildir í mörgum tilvikum synjun, til dæmis þegar fjölmiðlar fara fram á aðgang að gögnum til að vinna fréttir. Í 13. gr. frumvarpsins er lagt til að eftir 40 daga tafir geti beiðandi vísað málinu til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem úrskurði um upplýsingarétt hans.² Í athugasemdum við greinina í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að jafnvel þótt þetta fyrirkomulag hafi þann ókost að beiðandi missi í raun rétt til endurskoðunar ákvörðunar á tveimur stjórnsýslustigum, þar sem úrskurður úrskurðarnefndarinnar verður ekki borinn undir önnur stjórnvöld, séu kostirnir hins vegar þeir að stjórnvöld og aðrir sem falli undir gildissvið laganna geti ekki komist upp með að láta alfarið hjá líða að sinna beiðni um aðgang að upplýsingum. Í málum þar sem kærði sinnir ekki beiðni að neinu leyti hefur úrskurðarnefndin í dag ekki önnur úrræði en að ítreka áskoranir um að tekin verði ákvörðun um afgreiðslu hennar. Það felur því í sér umtalsverða réttarbót að í slíkum tilvikum fái beiðandi úrræði til að knýja fram efnislega

¹ 149. löggjafarþing 2018–2019, þskj. 1240 – 780. mál.

² Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur lagt til breytingartillögu við þessa grein frumvarpsins, sem hljóðar á um að hægt verði að vísa máli til úrskurðarnefndarinnar að liðnum 30 dögum í stað 40 daga. Kemur fram í nefndaráliti nefndarinnar að hún leggi áherslu á mikilvægi þess að beiðnir um upplýsingar séu afgreiddar svo fljótt sem auðið er enda sé um grundvallarréttindi að ræða. Sjá 149. löggjafarþing 2018–2019, þskj. 1641.

niðurstöðu um upplýsingarétt sinn, jafnvel þótt sú niðurstaða verði ekki endurskoðuð með öðrum hætti en að bera hana undir almenna dómstóla.³

Lagt er til í 15. gr. frumvarpsins að lögfest verði hámark málsmeðferðartíma úrskurðarnefndarinnar sjálfrar, sem verði að jafnaði 150 dagar. Í athugasemdum við greinina í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að með orðalaginu að jafnaði sé tekið tillit til þess að í undantekningartilfellum tefjist málsmeðferð nefndarinnar af ástæðum sem telja verði réttlætunarlegar eða aðstæður með þeim hætti að nefndinni eða starfsaðstæðum hennar verði ekki um kennt.⁴ Af hálfu úrskurðarnefndarinnar hefur komið fram að mikilvægt sé að nefndinni verði búnar þær aðstæður að henni sé fært að afgreiða mál innan hæfilegs tíma og lögbundins frests. Vísast í því sambandi m.a. til þess að frá því nefndinni var komið á fót hefur umhverfi upplýsingaréttar breyst mikið, til að mynda með umfangi og auknum fjölda mála og rýmkuðu gildissviði upplýsingalaga. Undanfarin ár hefur meðalmálsferðartími nefndarinnar í málum sem lýkur með úrskurði verið yfir þeim hámarkstíma sem lagður er til í frumvarpinu, eða 182 dagar árið 2014, 296 dagar árið 2015, 391 dagur árið 2016, 210 dagar árið 2017 og 212 dagar árið 2018. Af hálfu forsætisráðuneytisins hefur hins vegar komið fram að æskilegur meðalmálsmeðferðartími sé 90 dagar og er unnið að styrkingu nefndarstarfsins í samræmi við það markmið.

Kærumál fjölmiðla hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Fjölmiðlar stuðla að opinni og upplýstri umræðu í lýðræðissamfélagi með upplýsingagjöf til almennings. Slík umræða skiptir verulegu máli við töku lýðræðislegra ákvarðana og stuðlar að aukinni þekkingu almennings á mikilvægum málefnum. Í samræmi við það er í ákvæði 1. gr. upplýsingalaga sérstaklega tekið fram að markmið laganna sé að tryggja gegnsæi í stjórnslu og við meðferð opinberra hagsmuna, m.a. í þeim tilgangi að styrkja það aðhald sem fjölmiðlar og almenningur veita stjórnvöldum og auka möguleika fjölmiðla til að miðla upplýsingum um opinber málefni, sbr. 3. og 4. tölul. 1. gr. laganna.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur í úrskurðarfráttum sinni litið til markmiða upplýsingalaga um að veita opinberum aðilum aðhald og stuðla að gegnsæi við ráðstöfun opinberra hagsmuna við skýringar á undantekningarákvæðum laganna. Í tilvikum þar sem leyst hefur verið úr kærum fjölmiðla vegna synjunar um aðgang að gögnum hefur nefndin ítrekað vísað til þess að við hagsmunamat nefndarinnar hafi verið sérstaklega litið til hins samfélagslega mikilvæga hlutverks sem fjölmiðlar gegna.

Síðustu ár hefur kærum fjölmiðla til úrskurðarnefndar um upplýsingamál fjölgað nokkuð. Árið 2018 bárust 20 kærum frá fjölmiðlum. Árið 2017 voru þær 11 og árið 2016 voru þær 6. Hér á eftir verða reifaðir nokkrir valdir úrskurðir í kærumálum fjölmiðla sem kveðnir voru upp á árinu 2018.

Í úrskurði nr. 736/2018⁵ var komist að þeirri niðurstöðu að blaðamaður ætti rétt til aðgangs að sátt sem Ríkisútvarpið ohf. gerði um greiðslu bóta til einstaklings sem hafði höfðað meiðyrðamál í tilefni af fréttáflutningi miðilsins. Í úrskurði nefndarinnar var vísað til þess að um væri að ræða upplýsingar um ráðstöfun á opinberu fé sem almenningur ætti ríkan rétt á að kynna sér. Þó var RÚV gert að afmá tiltekna upplýsingar úr skjalinu sem nefndin taldi fela í

³ 149. löggjafarþing 2018–2019, þskj. 1240.

⁴ 149. löggjafarþing 2018–2019, þskj. 1240.

⁵ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/04/16/736-2018.-Urskurdur-fra-6.-april-2018/>.

sér upplýsingar um einkamálefni sem sanngjarnt væri og eðlilegt að leynt færu á grundvelli 9. gr. upplýsingalaga.

Úrskurður nr. 737/2018⁶ varðaði ákvörðun Samgöngustofu um að synja beiðni fréttamanns um aðgang að upplýsingum um hergagnaflutninga á tilteknu tímabili. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál féllst á það með kæranda að hann gegndi sem starfsmaður fjölmiðils mikilvægu hlutverki við að veita stjórnvöldum aðhald og þyrfti þar af leiðandi að eiga ríka möguleika á að miðla upplýsingum um opinber málefni, sbr. 1. gr. upplýsingalaga. Hins vegar væru þær upplýsingar sem fram kæmu í umbeðnum gögnum undirorpnar sérstöku þagnarskylduákvæði í lögum um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, sem takmarkaði upplýsingarétt almennings umfram fyrirmæli upplýsingalaga, sbr. gagnályktun frá 3. mgr. 4. gr. upplýsingalaga. Því væri ekki hjá því komist að staðfesta ákvörðun Samgöngustofu. Þess má geta að í frumvarpi til laga um breytingar á stjórnslulögum, nr. 37/1993, sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi þann 21. janúar sl., er miðað við að sérstök þagnarskylda laga nr. 119/2012 falli niður.⁷ Verði frumvarpið að lögum mun aðgangur almennings að gögnum á borð við þau sem fjallað var um í úrskurðinum ráðast af undantekningarákvæðum upplýsingalaga, einkum 9. og 1. og 2. tölul. 10. gr. laganna.

Í úrskurði nr. 742/2018⁸ var fjallað um rétt blaðamanns til aðgangs að upplýsingum um styrktarsamning Sinfóníuhljómsveitar Íslands og GAMMA Capital Management hf. Í úrskurðinum var tekið fram að þegar einkaaðilar velja að styrkja opinbera aðila og áskilja sér með samningi endurgjald fyrir styrkinn verða þeir almennt að sæta því að upplýsingaréttur almennings taki til slíkra samningsákvæða með hliðsjón af þeim veigamiklu hagsmunum almennings að geta kynnt sér hvernig staðið var að samningsgerðinni og fengið upplýsingar um endurgjaldið. Mikið þurfi að koma til svo fallist verði á að hagsmunir einkaaðila af því að slíkar upplýsingar færu leynt vegi þyngra en hagsmunir almennings af aðgangi að upplýsingunum. Var Sinfóníuhljómsveit Íslands því gert að veita kæranda aðgang að samningnum í heild.

Úrskurður nr. 746/2018⁹ varðaði ákvörðun kjararáðs um að synja beiðni blaðamanns um aðgang að fundargerðum ráðsins en synjunin var byggð á því að ráðið heyrði ekki undir gildissvið upplýsingalaga. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál taldi ljóst að ráðið félli undir gildissvið laganna og felldi synjunina úr gildi. Var lagt fyrir kjararáð að taka málið til nýrrar og lögmætrar meðferðar.¹⁰

⁶ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/04/16/737-2018.-Urskurdur-fra-6.-april-2018/>.

⁷ 149. löggjafarþing 2018-2019, þskj. 809 – 493. mál.

⁸ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/06/06/742-2018.-Urskurdur-fra-6.-juni-2018/>.

⁹ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/07/05/746-2018.-Urskurdur-fra-27.-juni-2018/>.

¹⁰ Í úrskurði nr. 773/2019 var að nýju til umfjöllunar afgreiðsla fjármála- og efnahagsráðuneytisins á beiðni sama blaðamanns um aðgang að fundargerðum kjararáðs á tilteknu tímabili. Af hálfu ráðuneytisins var byggt á því að gögnin lægju ekki fyrir í ráðuneytinu, sbr. 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál taldi gögn málsins sýna að þegar beiðni kæranda um aðgang að fundargerðum kjararáðs hefði verið sett fram hefði starfsmaður fjármála- og efnahagsráðuneytisins unnið að frágangi skjalasafns kjararáðs í húsnaði á forræði Stjórnarráðsins. Nefndin teldi engum vafa undirorpið að gögnin hefðu þannig verið í vörslum ráðuneytisins á þessum tímum og teldust þar af leiðandi fyrirliggjandi í skilningi upplýsingalaga. Var því lagt fyrir ráðuneytið að taka málið til nýrrar og lögmætrar meðferðar.

Í úrskurði nr. 758/2018¹¹ var leyst úr rétti blaðamanns til aðgangs að tveimur minnisblöðum velferðarráðuneytisins vegna umkvartana þriggja barnaverndarnefnda varðandi samskipti við Barnaverndarstofu. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál lagði fyrir ráðuneytið að veita kæranda aðgang að öðru minnisblaðinu að hluta til, þ.e. að frátöldum þeim hluta þess sem geymdi umfjöllun sem talin var falla að öllu leyti undir vinnugagnahugtakið eins og það er afmarkað í upplýsingalögum, sbr. 8. gr. laganna. Fallist var á það að ráðuneytinu hefði verið heimilt að synja um aðgang að hinu minnisblaðinu sem einnig væri vinnugagn en sömu sjónarmið voru ekki talin eiga við um efni þess. Bent var á að ráðuneytið hefði ekki tekið afstöðu til þess, sbr. 11. gr. upplýsingalaga, hvort rétt væri að veita kæranda aukinn aðgang að þeim gögnum sem heimilt væri að undanþiggja upplýsingarétti almennings á grundvelli þess að um væri að ræða vinnugögn. Var því beint til ráðuneytisins að taka afstöðu til þessa atriðis við meðferð beiðna um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögunum í framtíðinni. Úrskurður nr. 760/2018¹² varðaði sambærilega kæru annars fjölmiðils vegna synjunar velferðarráðuneytisins um aðgang að fyrrnefnda minnisblaðinu.

Með úrskurði nr. 766/2018¹³ var staðfest synjun Sjúkratrygginga Íslands á beiðni um gögn með upplýsingum um heildarkostnað stofnunarinnar af aðgerð árið 2011 þar sem græddur var plastbarki í mann. Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar kom fram að upplýsingar um heildarkostnað vegna lækni meðferðar tiltekins einstaklings teldust til upplýsinga um viðkvæm einkamálefni hans sem sanngjarnt væri og eðlilegt að leynt færu í skilningi 9. gr. upplýsingalaga. Sjónarmið sem mæltu með leynd gagnanna vægju mun þyngra en hagsmunir kæranda af að fá aðgang að þeim. Var það mat nefndarinnar að möguleikar kæranda sem starfsmanns fjölmiðils til að miðla upplýsingum um opinber málefni væru ekki skertir um of með synjun beiðninnar; umbeðnar upplýsingar hefðu takmarkað upplýsingagildi með hliðsjón af umfangsmiklum upplýsingum sem þegar hefðu birst opinberlega um málið.

Úrskurður nr. 770/2018¹⁴ fjallaði um synjun utanríkisráðuneytisins á beiðni erlends blaðamanns um afrit af trúnaðarbréfi sendiherra Íslands í Palestínu. Synjunin byggðist á 2. tölul. 10. gr. upplýsingalaga, þar sem vísað er til takmarkana á grundvelli mikilvægra almannahagsmuna vegna upplýsinga um samskipti við önnur ríki eða fjölþjóðastofnanir. Í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál var meðal annars tekið fram að sambærileg trúnaðarbréf hefðu birst opinberlega, t.d. á Facebook-síðu ráðuneytisins. Að mati nefndarinnar var ljóst að hagsmunir Íslands eða annarra ríkja gætu ekki skaðast af því að almenningur kynnti sér það sem fram kæmi í bréfinu og var því lagt fyrir utanríkisráðuneytið að veita kæranda aðgang að því.

¹¹ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/10/04/758-2018.-Urskurdur-fra-28.-september-2018/>.

¹² <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/10/04/760-2018.-Urskurdur-fra-28.-september-2018/>.

¹³ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/12/20/766-2018.-Urskurdur-fra-7.-desember-2018/>.

¹⁴ <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit-/stakur-urskurdur/2018/12/20/770-2018.-Urskurdur-fra-7.-desember-2018/>.